

**Ed.**

## **857. Frumvarp til laga**

um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fódurvörur.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

### **I. KAFLI**

#### **Um verzlun með fódurblöndur.**

##### **1. gr.**

Landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans (hér eftir kölluð landbúnaðardeild) skal hafa eftirlit með framleiðslu og sölu fódurvara, sem ætlaðar eru til skepnufóðurs, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

##### **2. gr.**

Atvinnudeild háskólans annast efnarannsóknir í sambandi við eftirlitið, en starfsmenn landbúnaðardeildar taka sýnishornin hjá framleiðendum og innflytjendum, þar sem þeir geta komið því við, en fela annars sérstökum trúnaðarmönnum sínum að taka þau þar, sem þeir vegna staðhátta eiga sérstaklega óhægt með það.

##### **3. gr.**

Eftir gildistöku laga þessara má enginn framleiða til sölu né flytja inn fódurblöndur, nema með leyfi landbúnaðarráðherra, sem veitir leyfin að fengnum tilögum landbúnaðardeildar.

##### **4. gr.**

Hver sá, sem fær leyfi til að framleiða til sölu eða flytja inn fódurblöndur, er skyldugur að láta fylgja vörinni, efst í hverjum poka, seðil, þar sem gefin eru upp eftirtalin atriði:

1. Nafn og heimili framleiðanda.
2. Vikan, sem varan er framleidd í.
3. Nöfn þeirra fódurtegunda, sem notaðar eru í fódurblönduna.
4. Upplýsingar um, hvaða búfjártegund blandan er ætluð.
5. Meðalmagn af meltanlegri eggjahvitu í hverri fódureiningu af fódurblöndunni.
6. Hve mörg kg þarf af fódurblöndunni í hverja fódureiningu.
7. Sé framleitt vítamínfóður, skal gefa upp tegundir vítamína og magn af hverju fyrir sig.

Upplýsingar þessar ber að skoða sem skuldbindingu frá framleiðanda til tryggingar því, að um ákveðin fódurgæði og samsetningu sé að ræða.

##### **5. gr.**

Þeir, sem verzla með fódurblöndur, skulu ársfjórðungslega greiða eftirlitsgjald af hverri smálest, sem þeir selja. Landbúnaðarráðherra ákveður gjald þetta fyrir fram fyrir hvert ár. Heimilt er að leggja gjald þetta á vöruna.

##### **6. gr.**

Landbúnaðardeild heldur sérstakan reikning um tekjur þær, er inn koma eftir 5. og 10. gr., og gerir ríkisstjórn fulla grein fyrir. Gjöld eftir 5. gr. innheimtir landbúnaðardeildin, en gjöld af innfluttum fódurblöndum innheimta sýslumenn eða tollstjórar með öðrum innflutningsgjöldum og standa landbúnaðardeild skil á.

##### **7. gr.**

Í fódurblöndur má aðeins nota þær fódurtegundir eða fódurefni, sem eru hollar fyrir búfé til þrifa og afurðamyndunar að dómi landbúnaðardeildar. Eigi má nota fódurtegundir, sem hafa minna fódurmagn en sem svarar 55 fe. í 100 kg.

##### **8. gr.**

Við efnarannsókn á fódurblöndum má hið reiknaða fódurgildi ekki vera minna en 97% af tilgreindu fódurgildi samkvæmt fylgiseðlinum, en magn eggjahvitu má ekki vikja meira en 12% frá tilgreindu meðaltali.

Sýni efnarannsóknir þrisvar í röð lægri fódurgildistölu eða of mikið frávik frá eggjahvitumeðaltali en framleiðandi eða innflytjandi hefur tilgreint, skal landbúnaðardeild skylda hlutaðeigandi aðila til að breyta framleiðslunni til samræmis við hið tilgreinda meðaltal, en sé þess eigi kostur, skal fódurgildistöllum þeim, sem tilgreindar eru á fylgiseðlinum, breytt til samræmis við efnagreiningar þær, sem um er að ræða.

#### 9. gr.

Starfsmenn landbúnaðardeildar eða trúnaðarmenn hennar, er taka sýnishorn af fódurblöndum til efnagreiningar, skulu minnst taka þau þrisvar árlega hjá hverjum framleiðanda. Sýnishorn skulu tekin á framleiðslustað úr lokuðum pokum, sem tilbúnir eru til afhendingar. Þess skal gætt, að framleiðendur fódurblandna fái enga vitneskju um, hvenær sýnishornataka á að fara fram. Sýnishorn skal taka úr 10. hverjum poka að jafnaði, þó skal aldrei taka færri en 5 sýnishorn af hverri tegund. Sýnishorn skulu tekin með þar til gerðum bor.

Starfsmönnum landbúnaðardeildar eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt, hvenær sem er, að taka sýnishorn af fódurblöndum til efnagreiningar hjá verzlunum, sem verzla með þær vörur, svo og hjá einstökum bændum. Ekki skulu tekin færri sýnishorn en 3 af hverri tegund, og aðeins úr pokum, sem vissa er um, að hafi ekki verið opnaðir síðan þeir voru afhentir frá framleiðslustað.

#### 10. gr.

Þegar efnagreining hefur verið framkvæmd á sýnishornum, sem tekin eru til rannsóknað samkvæmt 9. gr., skal hverjum hlutaðeiganda send tilkynning um niðurstöður rannsóknaðna. Í fyrsta sinn, sem einhver fódurblanda vikur óleyfilega frá tilteknu fódurgildi, skal hlutaðeigandi aðila tilkynnt skriflega, hverju er áfátt og hverjar skaðabætur honum beri að greiða, ef eigi verður úr bætt. Í annað sinn eða síðar, sem efnarannsókn sýnir minna fódurgildi en tilgreint er, skal hlutaðeigandi aðila skylt að greiða til landbúnaðardeildar verðmismun þann, er fram kemur, miðað við tilgreint fódurgildi. Komi í ljós við efnarannsókn, að frávik eggjahvítu frá tilgreindu meðaltali sé meira en leyfilegt er, skal viðkomandi aðila skylt að greiða 1% af heildsöluverði fódurblöndunnar til landbúnaðardeildar. Skal gjaldið miðast við selt vörumagn á tímabilinu milli töku sýnishorna.

Enn fremur skal framleiðandi greiða hlutaðeigandi kaupendum skaðabætur eftir útreikningi og mati landbúnaðardeildar, er nema að minnsta kosti tvöföldu verðmæti þess fódurmjöls, sem vantar á, að fódurblandan reynist eins og tilskilið er á fylgiseðlinum. Sé um of mikið magn af eggjahvítu að ræða, getur kaupandi einnig krafizt skaðabóta fyrir það, enda hafi hann að dómi landbúnaðardeildar orðið fyrir tjóni af þeim sökum.

Heimilt er aðilum að skjóta máli sínu til dómstólanna.

#### 11. gr.

Landbúnaðardeild skal birta, eigi sjaldnar en tvisvar á ári, skrá yfir alla þá, sem hafa leyfi til að framleiða og flytja inn fódurblöndur til sölu. Þar skal tekið fram um nafn og vörumerki hvernar tegundar, verð, tilgreint fódurgildi og magn af eggjahvítu, enn fremur hvaða búfé hver fódurblanda er ætluð. Jafnframt skal landbúnaðardeild birta niðurstöður af efnarannsóknum hvernar tegundar, sem sé meðaltal af þremur síðustu rannsóknum, sem gerðar hafa verið.

## II. KAFLI

### Um verzlun með síldarmjöl og fiskimjöl.

#### 12. gr.

Til fódurs innanlands mega síldarverksmiðjur landsins aðeins selja það síldarmjöl, sem flokkað er í I. flokki til útflutnings. Ef um skort á I. fl. vöru er að ræða, getur landbúnaðarráðherra gefið heimild til að selja lakari vöru til fódurs, enda skal það þá selt hlutfallslega lægra verði og vera greinilega merkt sem II. fl. vara.

#### 13. gr.

Ekki má selja fiskimjöl til fódurs á innlendum markaði, sem hefur undir 50% af hráeggjahvítu. Fiskimjöl, sem hefur 60% af hráeggjahvítu og þar yfir, er heimilt að selja í ákveðnum flokki. Landbúnaðarráðherra getur, eftir umsóknum frá framleiðendum og að fengnum tillögum landbúnaðardeildar, leyft þeim að selja þetta mjöl allt að 10% hærra verði en annað fiskimjöl. Fiskimjöl þetta skal greinilega merkt eftir fyrir mælum landbúnaðardeildar, er það háð eftirliti á sama hátt og fódurblöndur, og skulu framleiðendur þess greiða af því jafnhátt gjald til eftirlitssjóðs og greitt er af fódurblöndum samkvæmt 5. gr.

#### 14. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlzt gildi, falla niður þau ákvæði laga nr. 28 frá 27. júní 1921, er varða verzlun með kjarnfóður, og lög nr. 41 frá 12. júní 1939.

#### 15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.